

## Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2015, föstudaginn 10. júlí var haldinn 119. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði og hófst kl. 08:31. Viðstaddir voru Bergvin Oddsson, formaður, Guðbrandur Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Árni Guðmundsson fulltrúi Íbúasamtaka Grafarvogs, Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og Sólveig Victorsdóttir, þjónustustjóri í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram útskrift úr gerðabót umhverfis- og skipulagsráðs frá 20. maí 2015 varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 2-4, 6-8, 10-12 og 14 við Gylfaflöt.

### Bókun hverfisráðs

Hverfisráð Grafarvogs hefur mótttekið bréf frá Umhverfis- og skipulagsráði sem dagsett er 03.07.2015 þar sem kynnt er umsókn um breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 2-4, 6-8, 10-12 og 14 við Gylfaflöt. Umsóknin er dagsett 17.12.2014 og afgreidd af ráðinu 20.05.2015. Í bréfinu er tilkynnt að frestur til að skila inn athugasemdum sé til 17.07.2015 og beðist velvirðingar á að gleymst hafi að senda hverfisráðinu kynningarbréf um þessa umsókn. Hverfisráð telur afar óheppilegt að svo veigamikil breyting á deiliskipulagi sem um er að ræða sé sett í kynningarferli á aðal sumarleyfistíma landsins þegar hverfisráð er í sumarhléi og líkur eru á að kynning á breytingunni fari framhjá þorra íbúa hverfisins. Jafnframt telur hverfisráðið forkastanlegt að það „gleymist“ að senda erindi eins og þetta til hverfisráðs og það sé í raun sjálfgefið að umsagnarfrestur um þessa breytingu verði framlengdur fram í september. Varðandi umsóknina sjálfa vill hverfisráð minna á skýrslu umhverfisöryggishóps hverfisráðsins um umferðaröryggi í Grafarvogi sem kynnt var Umhverfis- og skipulagsráði á fundi þess þann 10.06.2015, það er eftir afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsráðs á þessari umsókn. Í skýrslunni er tillaga um að sett verði hringtorg á gatnamót Hallsvegar, Strandvegar og Gullinbrúar en hún var slegin út af borðinu í samantekt Stefáns Agnars Finnssonar um umferðaröryggisskýrsluna. Nú ætlar Skipulagsráð að setja hringtorg í 160 metra fjarlægð frá því sem var hafnað. Á Hallsvegi eru rúm 400 metrar frá hringtorginu við Langarima að ljósunum á gatnamótum Hallsvegar, Strandvegar og Gullinbrúar. Hallsvegur er 50 km. gata. Við það að setja hringtorg þarna verður umferðarflæðið mun erfiðara auk þess sem umferð vegna væntanlegra fyrirtækja á Gylfaflöt verður beint inn á Hallsveg. Hægt verður að beygja til hægri af Gullinbrú inn á Hallsveg fram hjá umferðarljósunum sem þar eru og fara svo um hringtorgið inn í Bæjarflöt frekar en fara um Standveg inn á Rimaföt. Þetta mun stórauka umferð á Hallsvegi og kljúfa íbúðarhverfin í Folda- og Rimahverfi enn meira í sundur en nú er. Hverfisráðið leggst því alfarið gegn því að vegtenging verði gerð frá Hallsvegi inn á Gylfaflöt. Hverfisráð Grafarvogs leggur til að allt umferðarskipulag þessa svæðis verði tekið til endurskoðunar. Hætt verði við hringtorgið sem tillagan fjallar um og í stað þess verði sett hringtorg á gatnamót Hallsvegar, Strandvegar og Gullinbrúar og þar bætt við tengingu inn á Gylfaflöt. Jafnvel mætti flytja aðkomuna að Gufunesbæ í þetta hringtorg í stað þeirrar undarlegu tengingar sem nú er notuð. Um leið ætti að huga að undirgöngum við hringtorgið, bæði yfir í Gufunesbæ og undir Hallsveg fyrir gangandi og hjólandi. Samhliða þessu telur hverfisráðið að fara eigi að tillögu umferðaröryggisskýrslunnar um endurskoðun á biðskyldum á þessu svæði. Með þessu telur hverfisráðið að leysa megi þarfir allra aðila, gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda, íbúa hverfisins og fyrirtækja.

Bókun gerð og samþykkt einróma af öllum fulltrúum hverfisráðs Grafarvogs. Undir bókunina taka einnig áheyrnadafulltrúi Íbúasamtaka Grafarvogs og áheyrnadafulltrúi Framsóknar og flugvallarvina.

**Fundi slitið kl. 8:59**

Bergvin Oddsson

Guðbrandur Guðmundsson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Elísabet Gísladóttir